



Grenjar ehf
Bakkatúni 26
300 Akranesi

Akraneskaupstaður

Akranesi 1. mars 2016
1603005 SPH/hs

Grenndarkynning

Efni: Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 14

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 29. mars s.l. var tekin fyrir umsókn um byggingarleyfi á lóðinni nr. 14 við Baugalund. Nýtingarhlutfall sérþýlishúsaloða í 2. áfanga Skógarhverfis var 0,5 sem samþykkt var 17. apríl 2007. Með breytingu á deiliskipulagi sem tók gildi 16. desember 2015, var ákvarðað nýtingarhlutfall 0,35 í stað 0,5. Í umsókninni er gert ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0,37

Frávik þetta frá gildandi skilmálum er óverulegt. Hvorki er gerð breyting á skipulagsupprætti né öðrum ákvæðum deiliskipulagsins. Fyrirhuguð bygging verður innan byggingarreits og innan settra hæðamarka.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs:

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárið. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna ofangreinda breytingu sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr.123/2010 m.s.br.

Grenndarkynning skal ná til Baugalundar nr. 12 og 16.

43. gr. Breytingar á deiliskipulagi.

2. mgr. Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis. [Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun samþykktu deiliskipulagsbreytingu og birta auglýsingum um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda.]¹⁾

Fyrirhuguð breyting er hér með kynnt næstu nágrönum í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila innan fjögurra vikna þ.e. í síðasta lagi laugardaginn 2. apríl 2016. Skriflegum athugasemdum verði skilað til skipulagsfulltrúa að Stillholti 16-18 eða á netfangið skipulag@akranes.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skipulags- og umhverfissviðs að Stillholti 16-18 alla virka daga frá kl. 9:30-12:00 og 13:00-15:30, eða á netfangið skipulag@akranes.is

Ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa yfir samþykki sínu með áritun á kynningarblað þetta áður en fjórar vikur eru liðnar styttilt kynningartími sem því nemur. Sjá bakhlið.

Virðingarfyllst,

Sigurður Páll Harðarson

Sigurður Páll Harðarson
sviðssjóri skipulags- og umhverfissviðs

Ministry of Environment

Undirritaður / undirritaðir eigandi/eigendur Baugalundar nr. 16 er/eru samþykkur / samþykkir ofangreindri breytingu á nýtingarhlutfalli lóðarinnar nr 14 við Baugalund.

Akranesi 17. mars 2016

F. h. Guðrún Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir